

kynna sér allan aðbúnað barna á heimilunum og að fylgt sé í öllu ákvæðum laga og reglna um barnaheimili. Kostnaður vegna þess eftirlits greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til laga nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. febrúar 1963.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra,
nr. 11 20. janúar 1953.

1. gr.

Næst síðasta málsgrein 40. gr. reglnanna orðist þannig:

Í stað framangreindrar töflu má með samþykki skipaskoðunarstjóra nota reglur flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, enda er skipaskoðunarstjóra heimilt að gera strangari kröfur um lengd og gildleika akkerisfesta, ef ástæða þykir til.

2. gr.

1. mgr. 184. gr. orðist þannig:

Í hverjum svefnklefa skal vera ljóri, þar sem því verður við komið.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 50 31. júlí 1959, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Kjalarneshreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Kjalarneshrepps í Kjósarsýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að Kjalarneshreppur skuli hér eftir falla undir ákvæði laga nr. 55/1921.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1963.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.